

Mál nr. 44/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Austurvegi á Ísafirði á móts við Sundhöllina þann 30.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 18.3.2008.
3. Bréf B, dags. 25.3.2008.

Málsatvik.

Bifreiðin A var kyrrstæð við vinstri brún Austurvegar miðað við akstursstefnu og hægra megin við hana við hægri brún götunnar var kyrrstæð skólabifreið. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið austur Austurveg og áleiðis á milli bifreiðanna. Var þá hægri framhurð A opnuð og rakst vinstra framhorn B á hurðina. Á Austurgötu er einstefna til austurs. Snjóþekja var á götunni.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað að norðanverðu við götuna til að hleypa út farþega í hægra framsæti. Farþeginn hafi ekki verið stigin út úr A er B var ekið á hurðina. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa vitað af ferðum B fyrir en áreksturinn varð. Hann taldi að B hafi verið ekið á talsverðri ferð og ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að þeim kyrrstæðu bifreiðum sem þarna voru.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið hægt að bifreiðunum sem framundan voru og ætlað á milli þeirra til að komast leiðar sinnar. Þá hafi hægri framhurð A verið opnuð. Hann hafi stigið á hemla, en bifreiðin runnið á hurðina.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins þykir ljóst að hægri hurð A var opnuð í þann mund sem B bar að. Ökumaður A hafði ekki tekið eftir ferðum B áður en óhappið varð. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Á þessu varð misbrestur og verður áreksturinn rakinn til þessa. Ber ökumaður og eigandi A því sök á tjóninu. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.